



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Nefndasvið Alþingis
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
b/t Elínar V. Þorsteinsdóttur
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2012

Efni: Frumvarp til upplýsingalaga (366. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér tillögu að upplýsingalögum.

Ofangreint frumvarp hefur verið lagt fram áður og hefur komið til umsagnar hjá Viðskiptaráði að því tilefni. Ráðið ekki gert miklar efnislegar athugasemdir við frumvarpið á fyrri stigum en vill nú koma á framfæri meðfylgjandi athugasemdum, enda varðar frumvarpið hagsmuni félaga í Viðskiptaráði.

Lögnum er ætlað að ná til allrar starfsemi stjórnvalda og allrar starfsemi lögaðila sem eru í minnst 51% eigu opinberra aðila, þó ekki þeirra sem hafa sótt um eða fengið opinbera skráningu eða dótturfélaga þeirra. Gildissvið laganna er því rýmkað frá núgildandi lögum en þau gilda um starfsemi stjórnvalda og einkaaðila sem falið er vald til að taka stjórnvaldsákvæðanir, og þá aðeins það er varðar þær ákvæðanir. Í ofangreindri tillögu eru því einnig færð undir lög in einkaréttarlegir lögaðilar sem eru í meirihluta eigu opinberra aðila ásamt einkaaðilum sem falið er að veita opinbera þjónustu með lögum, stjórnvaldsákvörðunum eða samningum. Þannig er sviðið víkkað töluvert út fyrir aðeins stjórnvaldsákvæðanir einkaaðila til veitingu þjónustu.

Sú rýmkun á gildissviði sem hér um ræðir hefur verulega íþyngjandi áhrif á starfsemi einkaaðila. Það er rýmkun gildissviðs til hlutafélaga í meirihluta opinberra aðila sem þykir ástæða til að gera sérstakar athugasemdir við hér. Sambærilegar athugasemdir eru gerðar við ofangreint frumvarp og gerðar voru við frumvarp sem er til meðferðar hjá efnahags- og viðskiptanefnd, *frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjararáð og lögum um Stjórnarráð Íslands*, [365. mál](#), bergmálast þær athugasemdir nokkuð hér.

Athugasemdir við upplýsingaskyldu

Ofangreint frumvarp felur í sér að fyrirtæki sem eru í meirihlutaeigu opinberra aðila falla undir upplýsingalög, með þeim skyldum sem í þeim felast. Með því er verið að fella undir lög in einstaka einkaréttarlega lögaðila á grundvelli eignarhalds, en ekki á grundvelli t.d. starfsemi, stjórnsýslulegs valds eða opinberrar þjónustu. Við þetta gerir Viðskiptaráð athugasemd.

Ekki eru sjáanleg rök fyrir því að fyrirtæki í meirihluta eigu ríkisins sé settur strangari lagarammi en öðrum sem starfa á sama markaði. Hvort sem slíkar reglur væru fyrirtækjum til framdráttur eður ei þá eru þær ekki í samræmi við almenn lagasjónarmið. Ekki er forsenda fyrir mismunandi reglur fyrirtækja í samkeppni með þessum hætti hvar sem eignarhald liggur. Telji stjórnvöld ástæðu til að breyta starfsumhverfi hlutafélaga eiga allir að sitja við sama borð.

Eignarhald ríkis á einstökum fyrirtækjum á ekki að gefa færi á sérreglum á viðkomandi sviði, þvert á móti. Gera verður þá kröfu, ef ríkið ætlar á annað borð að taka þátt í samkeppnisrekstri, að það tryggi að sömu leikreglur gildi fyrir alla á þeim markaði. Þó það sé auðvitað allt önnur umræða um hvort

ríkið eigi yfir höfuð að taka þátt í samkeppnisrekstri, en ráðið hefur ítrekað komið sjónarmiðum sínum um það áður á framfæri og verður ekki farið út í það nánar hér.

Mikilvægt er, svo tryggja megi eðlilegt rekstrarumhverfi fyrirtækja og sem bestar samkeppnisforsendur á markaði, að sérreglur sem þessar séu ekki lagðar á. Þau fyrirtæki sem féllu undir þessi lög yrðu sett í erfiða samkeppnislega stöðu enda um mjög íþyngjandi reglur að ræða og felur í sér mismunun.

Viðskiptaráð Íslands leggur til að frumvarpið taki breytingum til samræmis við athugasemdir hér að ofan.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands